



Gæðahandbók – Ábyrgð og stjórnun

Heiti skjals: GHB 02-02

Dags.: 14.11.2013

Eldra skjal: 06.09.13

Staðfest af:

Gæðamarkmið, öryggis- og gæðastefna

Tilgangur og umfang

Að lýsa gæðamarkmiðum, öryggis- og gæðastefnu Primex ehf.

Ábyrgð

Stjórn Primex ehf ber ábyrgð á að staðfesta og fylgja eftir gæðamarkmiðum sem og að marka öryggis- og gæðastefnu fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að allir starfsmenn þekki gæðamarkmiðin, öryggis- og gæðastefnu fyrirtækisins, skilji þau og vinni stöðugt að því að framfylgja þeim markmiðum og stefnum sem sett hafa verið.

Lýsing

Ákveðin og tímabundin skráð gæðamarkmið skulu sett fyrir framleiðsluna með það að markmiði að bæta enn frekar gæði og stöðugleika framleiðsluvaranna.

Gæðamarkmið skulu sett af gæðaráði og staðfest af yfirstjórn fyrirtækisins.

Gæðamarkmið skulu kynnt öllum starfsmönnum fyrirtækisins á starfsmannafundi.

Gæðaráð skal yfirfara stöðu settra gæðamarkmiða a.m.k. einu sinni á ári og athuga hvort markmið og tímasetningar sem settar hafa verið standist.

Farið skal yfir stöðu þeirra gæðamarkmiða sem sett hafa verið á fundi með öllum starfsmönnum og lagðar fram tillögur að úrbótum ef gæðamarkmið hafa ekki náðst.

Primex ehf einsetur sér að fyrirtækið sé viðurkenndur aðili til framleiðslu á kítíni og kítósani og uppfylli þær kröfur sem liggja á starfssviði þess og gerðar eru til slíkrar framleiðslu, hvort sem um öryggi, hreinleika efna og opinberar gæðakröfur (íslenskar eða alþjóðlegar) er að ræða eða kröfur frá viðskiptavinum.

Primex ætlar að uppfylla kröfur staðalsins **EN ISO 22000**. Það er stefna Primex að öryggi vörunnar sé ávallt höfð í fyrirrúmi og að veita bestu fáanlegu þjónustu á sviði framleiðslu kítíns og kítósan fyrir allan almennan iðnað. Til þess að sinna framleiðslunni af kostgæfni mun Primex ávallt hafa hæft og vel menntað starfsfólk sem og viðeigandi tækjabúnað og aðstöðu til framleiðslunnar.

Í þeim tilgangi að framfylgja öryggis- og gæðastefnu fyrirtækisins mun Primex:

- Framfylgja og viðhalda verklagsreglum í gæðahandbók og fylgibókum
- Tryggja að viðeigandi mælingar vegna áhættuþátta séu gerðar
- Viðhalda menntun og þjálfun starfsfólks fyrirtækisins á sviði framleiðslunnar og gæðastjórnunar
- Tryggja að allir starfsmenn séu upplýstir um gæðakerfið og hafi aðgang að öllum skjölum gæðahandbókar og fylgibóka sem að einhverju leyti tengjast starfssviði viðkomandi starfsmanns
- Nota einungis viðurkennda undirverktaka í sérverkefnum.
- Fylgjast með löggjöf, nýjungum og þróun sem snertir framleiðslu fyrirtækisins

Gæðamarkmið, öryggis- og gæðastefna fyrirtækisins skal endurskoðuð árlega samhliða rýni stjórnenda.

**Gæðahandbók – Ábyrgð og stjórnun**

Heiti skjals: GHB 02-02

Dags.: 14.11.2013

Eldra skjal: 06.09.13

Staðfest af:

Gæðamarkmið, öryggis- og gæðastefna

Með undirskrift sinni hér að neðan samþykkja stjórn og framkvæmdarstjóri ofangreinda stefnu og heita að fylgja henni í hvívetna. Því er hér með lýst yfir að þeir hafa lesið gæðahandbók fyrirtækisins, gera sér grein fyrir þeim kröfum sem í henni felast og að félagið skuldbindur sig að gera starfsmönnum kleift að fylgja öllum þeim kröfum sem þar eru gerðar, eða í öðrum fylgibókum gæðahandbókar.

Formaður stjórnar

Meðstjórnandi

Framleiðslustjóri

Framkvæmdastjóri

Gæðastjóri
formaður gæðaráðs